

26
14. júní

L Ö G

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingis- hátíðarinnar 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að láta slá sérstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera skiftimynt, er gjaldgeng sé hér á landi, og sé gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.
- II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.
- III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um allt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar, og ákveða hámarksverð á þeim.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.